

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 18. október 2019.

Mál nr. 743/2018:

Ákærvaldið

(Einar Tryggvason saksóknari)

gegn

X

(Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður)

(Björgvin Jónsson réttargæslumaður)

Lykilorð

Kynferðisbrot. Börn. Skaðabætur.

Útdráttur

X var sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn sonarsyni sínum, A, samkvæmt 1. mgr. 194. gr. og 1. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að A var á aldrinum níu til tólf ára gamall er brotin áttu sér stað, að brotin voru alvarleg og að X hefði nýtt sér þá yfirburðastöðu sem hann hafði gagnvart barnungum sonarsyni sínum, sbr. 1., 2., 6. og 7. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Var refsing X ákveðin fangelsi í þrjú ár og sex mánuði og honum gert að greiða A 1.700.000 krónur í miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Davíð Þór Björgvinsson og Jóhannes Sigurðsson og Sigríður Ingvarsdóttir, settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 3. ágúst 2018 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 23. júlí 2018 í málinu nr. S-[...]/2017.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um sakfellingu ákærða og refsing hans verði þyngd.
- 3 Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, sem og kröfum um greiðslu sakarkostnaðar samkvæmt hinum áfrýjaða dómi. Þá er þess krafist að bótakröfu A verði vísað frá dómi.
- 4 Brotapoli, A, krefst þess að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 22. janúar 2014 til 22. febrúar 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málsmeðferð og sönnunarfærsla

- 5 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti kom fyrir dóminn B sálfræðingur og gaf skýrslu um meðferð brotþola hjá Barnahúsi.

Niðurstaða

- 6 Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms að orðaskipti ákærða við brotþola og sú háttsemi hans í kjölfarið að snerta kynfæri drengsins eins og lýst er í öðrum ákærulið hafi falið í sér kynferðislega áreitni í skilningi 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telst brotið fullsannað með eigin frásögn ákærða af atvikinu. Geta þær skýringar ákærða að um hafi verið að ræða eðlileg samskipti afa við sonarson sinn og að engar kynferðislegar hvatir hafi búið þar að baki ekki breytt þeirri niðurstöðu að ákærði verður sakfelldur samkvæmt þessum lið ákærunnar.
- 7 Sakargiftir samkvæmt fyrsta og þriðja lið ákæru eru aðallega reistar á framburði brotþola. Fallist er á með héraðsdómi að fyrirbyggjandi upplýsingar um andlegt heilsufar brotþola séu ekki til þess fallnar að draga úr trúverðugleika framburðar hans. Þá er jafnframt fallist á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um mat á trúverðugleika framburða brotþola og ákærða og annarra framburða og gagna í málinu sem styðja framburð brotþola. Að þessu gættu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest sakfelling ákærða samkvæmt fyrsta og þriðja ákærulið.
- 8 Í málflutningi fyrir Landsrétti gerði verjandi ákærða athugasemdir við þóknun réttargæslumanns brotþola í héraði, Jóhönnu Sigurjónsdóttur lögmanns, sem ákveðin var 1.981.520 krónur. Hélt hann því fram að þóknunin væri augljóslega úr hófi og því ekki rétt að ákærða yrði gert að greiða þann hluta sakarkostnaðarins. Fyrir Landrétti hefur hvorki verið lögð fram tímaskýrsla réttargæslumannsins né önnur gögn sem lágu til grundvallar ákvörðun héraðsdóms. Eru því ekki skilyrði til þess að þóknunin sæti endurskoðun fyrir Landsrétti. Að þessu gættu er staðfest niðurstaða héraðsdóms um ákvörðun refsingar, greiðslu miskabóta og sakarkostnað.
- 9 Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærða gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 1.479.202 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar lögmanns, 1.096.160 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Björgvins Jónssonar lögmanns, 337.280 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness mánudaginn 23. júlí 2018

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. júní sl., höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 14. desember 2017 á hendur ákærða, X, kt. [...], til heimilis að [...] í [...];

„fyrir eftirgreind kynferðisbrot gegn barnabarni sínu A, kt. [...], framin á heimili ákærða að [...], [...], er drengurinn var nú til ellefu eða tólf ára gamall, á tímabilinu frá árinu 2010 til ársins 2012 eða 2013, en ákærði nýtti sér yfirburði sína gagnvart drengnum og traust hans og trúnað til hans sem afa:

I

Með því að hafa í fjölda skipta, haft önnur kynferðismök en samræði við A, með því að snerta kynfæri drengsins og fróa honum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II

Með því að hafa í eitt skipti, er ákærði lá í sama rúmi og A, lyft sænginni og sagt við drenginn að limur hans væri „rosalega stór“ og spurt hvort hann mætti finna hvað hann væri „harður“ og snert kynfæri drengsins.

Telst þetta varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

III

Með því að hafa í fjölda skipta þuklað í kringum kynfæri A innan klæða.

Telst þetta varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu C, kt. [...], vegna ólöggráða sonar hennar, A, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði drengnum miskabætur að fjárhæð 2.500.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 4. gr. sömu laga, frá 21. júlí 2012 en síðan dráttarvaxta skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðar-reikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Kröfur ákærða:

Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvalds og allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin hæfileg þóknun verjanda til handa. Hvað bótakröfu brotaþola varðar krefst ákærði þess aðallega að kröfunni verði vísað frá dómi, til vara að ákærði verði sýknaður af kröfunni en til þrautavara að krafan verði lækkuð.

A

Hinn 7. júlí 2016 óskaði Barnaverndarnefnd [...] eftir því við lögreglu að hafin yrði rannsókn á meintum brotum ákærða og eiginkonu hans gegn brotaþola, A, en brotaþoli er barnabarn þeirra hjóna. Upplýsingar um meint brot höfðu borist nefndinni símleiðis fyrr um daginn frá föður brotaþola, D, en hann er [...]. Í símtalinu greindi faðir brotaþola svo frá að kvöldið áður hefði drengurinn sagt foreldrum sínum frá því að ákærði hefði misnotað hann kynferðislega þegar hann var yngri. Brotaþoli hefði lýst atvikum svo að ákærði hefði snert hann og fróað honum í hjónarúmi ákærða og ömmu brotaþola. Misnotkunin hefði staðið yfir í nokkur ár og skiptin verið mörg. Hefði amma brotaþola verið viðstödd og vakandi í einhverjum þessara tilvika en hún ekkert sagt við háttsemi ákærða.

Skýrsla var tekin af brotaþola vegna málsins 21. júlí 2016. Lýsti hann því þá meðal annars að ákærði hefði ítrekað fróað honum. Það hefði fyrst gerst þegar drengurinn var nýu eða tíu ára gamall. Brotaþoli gat ekki tiltekið hversu mörg skiptin hefðu verið en sagði þetta hafa gerst „alveg oftar en einu sinni“, í „kannski

svona átta skipti.“ Brotapoli og ákærði hefðu þá verið staddir í svefnherbergi ákærða og ömmu brotþola. Brotapoli lýsti því jafnframt hvernig ákærði hefði þvegið honum og bróður hans, E, „extra vel“ þegar þeir dvöldust á heimilinu, meðal annars um kynfæri og á milli rasskinna. Enn fremur bar brotþoli að ákærði hefði í tvígang sýnt honum myndir í tölvu af nöktum konum. Ákærði hefði gert það með þeim skýringum um að hann vildi veita brotþola kynfræðslu. Brotþola hefði ekki liðið vel með þetta.

Lögregla tók skýrslu af foreldrum ákærða og bróður hans vegna málsins 20. og 21. júlí 2016. Hinn 22. júlí 2016 voru ákærði og eiginkona hans handtekin. Þá var heimili þeirra ljósmyndað með tilliti til þess sem fram hafði komið í málinu um vettvang meintra brota.

Við skýrslugjöf hjá lögreglu 22. júlí 2016 neituðu ákærði og eiginkona hans sakargiftum. Nefndi ákærði sem skýringu á framburði brotþola að drengurinn hefði eitt sinn byrjað að fróa sér undir sænginni á meðan ákærði var að lesa fyrir hann. Taldi ákærði að brotþoli hefði þá verið um það bil ellefu ára gamall. Ákærði sagðist hafa talað um þetta við drenginn þar sem það að fróa sér væri fullkomlega eðlilegur hlutur. Það ætti ekki að vera neitt feimnismál en heldur ekki að vera til sýnis. Ákærði sagði brotþola hafa verið mjög bráðþroska líkamlega. Ákærði hefði lyft sænginni og haft á orði hvað limur drengsins væri stór. Í framhaldinu hefði ákærði spurt hvort hann mætti finna hversu harður limurinn væri og drengurinn svarað játandi „... og svo gerði ég það.“ Ákærði sagði ekkert kynferðislegt hafa verið við þetta atvik. Þá kannaðist ákærði við að hafa í eitt sinn, þegar hann og brotþoli hefðu verið að tala um stelpur og píkur, bent drengnum á að skrifa „vagina“ í leitarstreng á vefsíðunni Wikipedia. Hefðu þá birst fjölmargar myndir af kynfærum kvenna. Á ákærða var að skilja að umfang myndefnisins hefði verið miklu meira en hann átti von á sem skýrðist af lítilli þekkingu hans á virkni netsins.

Skýrsla var tekin öðru sinni af bróður ákærða, E, 8. mars 2017. Þann sama dag var skýrsla einnig tekin öðru sinni af brotþola. Var brotþoli þá meðal annars spurður út í frásögn ákærða fyrir lögreglu af framangreindu tilviki þar sem ákærði sagði brotþola hafa farið að fróa sér undir sæng. Við skýrslutökuna kvaðst brotþoli ekki muna sérstaklega eftir slíku tilviki. Enn var tekin skýrsla af brotþola 24. október 2017. Brotþoli bar þá um nokkur tilvik þar sem ákærði hefði farið með höndina ofan í nærbuxur hans á meðan þeir voru að horfa á sjónvarpið. Í þeim tilvikum hefði ákærði káfað á svæðinu við typpi brotþola.

Undir rannsókn málsins var aflað vottorðs F læknis, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum, vegna komu, skoðunar og læknismeðferðar brotþola. Einnig var aflað vottorða varðandi andlegt heilsufar brotþola frá sálfræðingunum G, Dr. H og B. Efni vottorðanna og framburður vottorðsgjafa verður reifaður í kafla D hér á eftir.

Málið var sent héraðssaksóknara að lokinni rannsókn lögreglu 20. mars 2017. Hinn 13. október 2017 endursendi héraðssaksóknari lögreglu málið til frekari rannsóknar vegna frásagnar brotþola af atvikum sem komið hafði fram í viðtali hans hjá C sálfræðingi 29. september 2017. Í kjölfarið var tekin þriðja framburðarskýrslan af brotþola, svo sem fyrr var getið, en einnig var skýrsla tekin af ákærða og eiginkonu hans. Rannsókn lögreglu lauk síðan endanlega í lok október 2017. Var ákæra gefin út á hendur ákærða 14. desember það ár samkvæmt áðursögðu.

B

Ákærði neitar sök. Við aðalmeðferð málsins bar ákærði að enginn fótur væri fyrir þeirri lýsingu atvika sem ákæruliðir I og III hefðu að geyma. Hvað varðaði það atvik sem ákæruliður II tæki til kvaðst ákærði hafa lýst því atviki strax við upphaf rannsóknar lögreglu að eigin frumkvæði. Samskipti þau sem þar hefðu átt sér stað, á milli mjög sérstaks drengs og afa hans, sagði ákærði hafa verið fullkomlega eðlileg.

Atvikum samkvæmt ákærulið II lýsti ákærði nánar svo að brotþoli hefði gist hjá honum og ömmu drengsins umrætt sinn. Ákærði og brotþoli hefðu verið saman í tvíbreiðu rúmi í herbergi í kjallara hússins. Ákærði hefði talið drenginn fara að sofa og hefði hann því farið að lesa bók. Eftir svolítinn tíma hefði ákærði veitt því athygli að brotþoli var byrjaður að fróa sér. Ákærði hefði í fyrstu látið drenginn afskiptalaus en síðan ákveðið „að blanda mér í þetta“. Ákærði kvaðst hafa rætt við brotþola á hans forsendum vegna þess [...] drengurinn væri. Ákærði hefði spurt brotþola: „Ertu að runka þér?“ Hann hefði síðan lyft upp sænginni og sagt: „Mikið svakalega er hann stór.“ Því næst hefði ákærði tekið utan um typpið á drengnum með tveimur fingrum og bætt við: „Og harður.“ Vegna skýrslugjafar sinnar fyrir

lögreglu um þetta atvik tók ákærði fram að hann kannaðist ekki við að hafa beðið um að fá að koma við typpið. Um mismæli hlyti að vera að ræða. Brotapoli hefði þegar þarna var komið sögu sagt við ákærða: „Nuddaðu hann afi.“ Ákærði hefði svarað: „Nei, það gerir maður bara sjálfur.“ Ákærði sagðist í framhaldinu hafa rætt við brotapolu fram og til baka og lagt á það áherslu að ekkert væri óeðlilegt við það að fróa sér, það gerðu allir, en að þeir gerðu það í einrúmi. Fullyrti ákærði að þessi samskipti þeirra brotapolu hefðu verið mjög góð og hefðu þau ekki haft nein neikvæð áhrif á drenginn. Það hefði ekki verið fyrr en löngu seinna „... sem að þetta var fært yfir á annað plan.“

Ákærði sagði brotapolu vera [...]. Drengurinn væri með [...] og þver. Af þeim sökum væri nauðsynlegt að fara að brotapolu með sérstökum hætti þegar höfð væru við hann samskipti. Samband sitt við brotapolu kvað ákærði hafa verið afskaplega gott, [...].

Ákærði sagði mikil samskipti hafa verið á milli sín og eiginkonu sinnar annars vegar og fjölskyldu brotapolu hins vegar á meðan brotapoli og bróðir hans voru litlir, eða allt þar til drengirnir voru orðnir nógu stórir til að sjá um sig sjálfir þegar foreldrarnir voru að heiman. Ákærði nefndi að faðir drengjanna hefði um tíma dvalið [...] og á því tímabili hefðu ákærði og eiginkona hans fengið drengina til sín á umgengnishelgum föður en foreldrar þeirra hefðu þá verið skilin.

Eftir að mál þetta kom upp kvað ákærði brotapolu ekki hafa komið á heimili sitt. Allt fram til þess tíma hefði drengurinn hins vegar iðulega komið á heimilið. Frá sama tímamarki hefðu foreldrar drengsins heldur ekkert samband haft við ákærða og eiginkonu hans. Aðspurður kvaðst ákærði vera þess fullviss að hinn ranga sakaráburð brotapolu mætti rekja til þeirra aðila, fyrst og fremst sálfræðinga, sem haft hefðu drenginn til meðferðar. Þeir aðilar hefðu ekki vísitandi afvegaleitt brotapolu heldur væri brotapoli þannig gerður að hann svaraði alltaf því sem hann héldi að fólk vildi heyra. Drengurinn væri með frásögn sinni af meintum brotum ákærða að reyna að geðjast öðru fólki. Ásakanirnar kvað ákærði hafa komið honum og eiginkonu hans algerlega í opna skjöldu.

Aðspurður kvaðst ákærði einu sinni hafa rætt um málefni tengd kynlífi við bróður brotapolu, E, sem þá hefði verið 13 eða 14 ára gamall. Ákærði hefði þá spurt drenginn að því hvort hann hefði nokkru sinni séð píku á kvenmanni og hefði drengurinn svarað því neitandi.

C

A, brotapoli í málinu, lýsti atvikum svo fyrir dómi að ákærði hefði ítrekað, þegar brotapoli var um það bil 10-12 ára gamall, farið með hann niður í svefnherbergi sitt og ömmu brotapolu, tekið með hendinni um typpi brotapolu og fróað honum. Þetta hefði gerst í nokkur skipti að kvöldi til. Stundum hefðu þeir bara verið tveir í herberginu en stundum hefði amma brotapolu verið í dyragættinni. Ákærði hefði verið þögull á meðan hann fróaði brotapolu. Í fyrstu tvö skiptin hefði ákærði tekið buxurnar niður um brotapolu en í síðari skiptin hefði brotapoli gert það sjálfur. Spurður um hversu oft þetta hefði átt sér stað svaraði brotapoli því til að þetta hefði gerst í sjö til níu skipti. Minntist brotapoli þess ekki að hann hefði fengið sáðlát. [...].

Einu tilviki lýsti brotapoli svo að hann og ákærði hefðu verið í rúmi ákærða og ömmu brotapolu. Kvaðst brotapoli hafa farið að fróa sér. Ákærði hefði tekið þátt í því með því að segja brotapolu hvað það væri kallað sem hann væri að gera. Aðspurður kvað brotapoli ákærða ekki hafa komið við typpi hans í þetta skipti. Er þetta atvik gerðist hefðu einhver áður nefndra tilvika verið búin að eiga sér stað.

Öðru tilviki lýsti brotapoli svo að hann og ákærði hefðu verið að horfa á sjónvarp. Brotapoli hefði setið í fangi ákærða þegar ákærði hefði sett hönd ofan í nærbuxur brotapolu og káfað í kringum typpi hans. Ákærði hefði í það skipti ekki snert sjálft typpið. Bar brotapoli að tilvik sem þetta hefðu verið fleiri og fullyrti brotapoli að amma hans hefði verið viðstödd í einhverjum þeirra. Þá taldi brotapoli mögulegt að bróðir hans, E, hefði einnig orðið vitni að nokkrum tilvikanna.

Spurður um tilvik það sem ákærði hefur borið um og lýst með sambærilegum hætti og fram kemur í ákærulið II svaraði brotapoli því til að hann minntist þess tilviks ekki sérstaklega.

Aðspurður kannaðist brotapoli við að hafa skömmu áður en kæra var lögð fram í málinu sent móður sinni SMS-skilaboð, þá staddur í [...] afa síns, þess efnis að hann vildi fara heim. Ástæðan hefði verið mikil vanlíðan, sem brotapoli kvaðst aðspurður ekki geta skýrt. Þá staðfesti brotapoli að hann forðaðist að

fara í verslun [...] í [...] vegna nálægðar hennar við vinnustað ákærða. Brotapoli væri hræddur um að rekast á ákærða, færi hann þangað.

Brotapoli bar að gegnum tíðina hefði hann ekki verið mikið á heimili afa síns og ömmu. Hann hefði þó verið þar stundum um helgar og einnig þegar faðir hans dvaldist tímabundið [...] við vinnu. Brotapoli sagðist ekki koma á heimili afa síns og ömmu í dag. Síðast hefði hann komið þangað skömmu áður en hann greindi foreldrum sínum frá brotum ákærða.

Samband sitt við ákærða kvað brotapoli ekki hafa verið gott. Samband brotapolu við ömmu sína sagði hann hins vegar hafa verið gott. Brotapola hefði þótt vænt um hana þegar hann var yngri. Honum þætti hins vegar ekki vænt um ömmu sína lengur þar sem hún hefði ekki brugðist við brotum ákærða á nokkurn hátt.

Brotapoli kvaðst hafa sagt foreldrum sínum fyrstum allra frá brotum ákærða. Brotapoli sagði sér ekki hafa liðið vel áður en hann upplýsti þau um málið en honum hins vegar liðið betur eftir að hann greindi þeim frá.

Líðan sína í dag sagði brotapoli vera ágæta. [...].

E, bróðir brotapolu, kvaðst ekki hafa orðið vitni að meintum kynferðisbrotum ákærða gegn brotapolu. Fram kom hjá vitninu að fyrstu árin sem brotapoli og vitnið hefðu gist hjá afa sínum og ömmu hefði vitnið gist eitt í herbergi en brotapoli sofið inni hjá þeim. Á þessu hefði síðan orðið breyting fyrir um fimm árum síðan en þá hefðu þeir bræður farið að sofa saman í herbergi. Vitnið sagði sér hafa fundist skrýtið í ljósi aldurs brotapolu, og þess að til staðar voru laus herbergi í húsinu, hversu lengi brotapoli var látinn sofa inni hjá afa sínum og ömmu.

Vitnið sagði bræðurna hafa gist talsvert hjá afa og ömmu [...] á meðan faðir þeirra var [...]. Eftir að faðir bræðranna [...] hefði tilvikunum fækkað og þeir farið óreglulega til afa og ömmu í pössun.

Atvikum kvöld það sem brotapoli greindi fyrst frá meintum brotum ákærða lýsti vitnið svo að bræðurnir og mamma þeirra hefðu verið að spjalla á rólegum nótum þegar brotapoli hefði farið að ræða um vanlíðan sína. Brotapoli hefði síðan sagt að hann héldi að ákærði hefði beitt hann kynferðislegu ofbeldi. Vitninu og móður bræðranna hefði verið brugðið við þessi orð brotapolu og hefði móðir þeirra í kjölfarið hringt í föður þeirra sem komið hefði til þeirra skömmu síðar. Eftir að hann var kominn hefði brotapoli lýst málsatvikum frekar. Brotapoli hefði sagt að ákærði hefði snert hann kynferðislega, fróað honum „og svoleiðis“. Þetta hefði staðið yfir í nokkur ár. Brotapoli hefði ekki verið viss um að í þeirri háttsemi ákærða hefði falist brot þar sem [...]. Vitnið sagði sér hafa virst brotapolu vera létt eftir að hann greindi frá háttsemi ákærða, bæði fyrst á eftir og líka þegar frá leið. Svo virtist sem það hefði hjálpað brotapolu að tala um það sem gerðist.

Það eina sem vitnið kvaðst geta borið um tengt meintum brotum væri að í eitt skipti hefðu þeir bræður farið með afa sínum í sturtu. Ákærði hefði byrjað á því að þvo á þeim hárið, undir höndum og þess háttar en síðan farið á „einkasvæðið“ og þvegið með sápu á milli rasskinna, pung og typpi. Þá sagði vitnið ákærða eitt sinn hafa farið að fræða hann um kynfæri kvenna. Vitninu hefði þótt það óþægilegt. Vitnið hefði þá verið á bilinu sjö til tíu ára gamalt.

Brotapola sagði vitnið lengi hafa verið leiðan og lokaðan. Á því hefði tekið að bera um það leyti sem foreldrar þeirra skildu og meint brot ákærða hófust. Vitnið kvaðst leggja trúnað að frásögn brotapolu. Í því sambandi vísaði vitnið til þess að hún skýrði hegðun brotapolu í kringum afa þeirra og ömmu og af hverju hann hefði ekki viljað fara heim til þeirra. Sjálfst kvaðst vitnið ekki hafa komið þangað síðan mál þetta kom upp. Vitnið sagði það sína upplifun að ákærði stjórnaði öllu á heimili hans og ömmu vitnisins og hefði vitnið að tilfinningunni að hún væri hrædd við ákærða. Þá kom fram hjá vitninu að þegar það horfði til baka þá fundist því sem að með tímanum hefði byggst upp reiði hjá brotapolu í garð ákærða. Hann hefði ekki viljað fara á heimili afa síns og ömmu og iðulega mótmælt þegar til stóð að fara þangað. Þá hefði hann verið reiður og ósáttur út í ákærða og lítið viljað vera með honum.

D, sonur ákærða og faðir brotapolu, sagðist fyrst hafa fengið vitneskju um málið þegar hann hefði verið beðinn um það af barnsmóður sinni, C, um kl. 02:00 að nóttu, að koma heim til hennar og drengjanna.

Ástæðan hefði verið sögð sú að brotþoli þyrfti að tala við þau. C hefði verið mikið niðri fyrir og því hefði vitnið gengið á hana og hún þá sagt að brotþoli hefði upplýst hana um að hann hefði sætt kynferðisbrotum af hálfu ákærða.

Vitnið sagðist búa nærri heimili C og hefði það því verið þangað komið skömmu síðar. Brotþoli hefði síðan, án þess að fara út í nein smáatriði, greint vitninu og móður sinni frá því að hann hefði sætt kynferðislegri misnotkun af hálfu ákærða. Þótt brotþoli hefði ekki lýst háttsemi ákærða nákvæmlega hefði komið fram hjá honum að ákærði hefði snert hans „privat staði“. Vitnið hefði greint hræðslu hjá brotþola á meðan hann sagði frá og ljóst hefði verið að honum leið mjög illa. Fram hefði komið hjá brotþola að brot ákærða hefðu verið ítrekuð og að þau hefðu átt sér stað á nokkurra ára tímabili. Kvaðst vitnið hafa lagt trúnað á frásögn drengsins. Eftir að hafa hlýtt á brotþola hefðu vitnið og móðir hans, að höfðu samráði við drenginn, tekið ákvörðun um að fara á fund barnaverndaryfirvalda daginn eftir og gefa skýrslu um málið. Bar vitnið að brotþola hefði virst létt eftir að hann greindi frá og sá viðbrögð foreldra sinna við frásögn hans.

Um brotþola bar vitnið að drengurinn hefði greinst með [...] þegar hann var lítill. Síðar hefði farið að gæta [...] hjá honum sem aukist hefði eftir því sem á leið. Drengurinn hefði orðið erfíður í samskiptum og líðan hans sífellt versnað. Taldi vitnið að brotþoli hefði verið átta eða níu ára gamall þegar andleg líðan hans tók að versna. Líðan hans hefði versnað greinilega þegar hann var í 4.-5. bekk grunnskóla. Þá hefði drengurinn fengið slæmar martraðir og hefði móðir hans haft samband við sálfræðing vegna þess. Vorið 2016 hefði líðan brotþola verið orðin svo slæm að foreldrarnir hefðu verið farnir að hafa verulegar áhyggjur [...]. Eftir að brotþoli greindi frá brotum ákærða hefði hann verið í stöðugri meðferð í Barnahúsi sem skilað hefði miklum árangri. Hann ætti þó enn langt í land. Aðspurt kvaðst vitnið ekki vita um nein önnur áföll en brot ákærða, sem brotþoli hefði orðið fyrir, er skýrt gætu vanlíðan drengsins.

Vitnið sagði brotþola og bróður hans, E, hafa verið mikið á heimili foreldra vitnisins. [...]. Nefndi vitnið sérstaklega að þegar það hefði dvalist [...] á árinu [...] hefðu drengirnir verið aðra hvora helgi hjá afa sínum og ömmu.

Vitnið kvað bróður brotþola, E, hafa kvartað yfir óeðlilegum þvotti á heimili afa síns og ömmu. Í kjölfarið hefði vitnið rætt við foreldra sína og beðið um að látið yrði af þessum þvotti þar sem drengjunum liði illa vegna hans.

Eftir að málið kom upp kvaðst vitnið hafa litið til baka og þá séð hlutina í öðru ljósi. Nefndi vitnið að brotþoli hefði ekki viljað vera í [...] ákærða og hegðun hans breyst og hann viljað fara þegar ákærði birtist. Nefndi vitnið sérstaklega eitt tilvik af þessum toga sem átt hefði sér stað vorið 2016. Einnig hefði brotþoli verið hætur að vilja fara heim til afa síns og ömmu án þess að gefa á því neinar skýringar. Í einhverjum tilvikum hefði honum samt sem áður verið gert að fara þangað gegn vilja sínum. Aðspurt gat vitnið ekki tímasett nákvæmlega hvenær það var sem brotþoli hætti að vilja fara á heimili afa síns og ömmu. Samskipti við þau kvað vitnið engin hafa verið eftir að mál þetta kom upp.

C, móðir brotþola, greindi svo frá fyrir dómi að aðfaranótt 7. júlí 2016 hefði hún verið stödd á heimili sínu og verið að spjalla við syni sína, brotþola og E. Brotþoli hefði þá upp úr þurru sagt að hann héldi að ákærði hefði misnotað hann kynferðislega. Brotþoli hefði síðan leiðrétt sig og sagt: „Ég held það ekki, ég veit að hann gerði það.“ Brotþoli hefði lýst brotunum svo að ákærði hefði verið að fitla við hann og fróa honum. Vitnið sagðist í kjölfarið hafa hringt í föður drengjanna sem komið hefði til þeirra í framhaldinu og þau síðan rætt saman við brotþola. Aðspurt kvað vitnið brotþola hafa virst létt eftir að hann greindi frá brotum ákærða. Sagðist vitnið hafa lagt trúnað á frásögn hans. Daginn eftir hefðu vitnið og faðir drengsins farið á fund barnaverndaryfirvalda og gefið skýrslu um málið.

Vitnið sagði brotþola hafa verið mikið á heimili ákærða og konu hans ásamt bróður sínum. Nefndi vitnið sérstaklega í því sambandi tímabil þegar faðir bræðranna var að vinna [...]. Um tíma hefðu þau haft drengina hjá sér aðra hvora helgi.

Vitnið sagði brotþola ekkert hafa farið til afa síns og ömmu eftir að mál þetta kom upp. Árið þar á undan hefði brotþoli verið lítið búinn að fara til þeirra. Hann hefði fyrir löngu verið hætur að vilja að fara til þeirra. Honum hefði þótt óþægilegt að vera á heimilinu. Taldi vitnið að þess viðhorfs brotþola hefði

farið að gæta fyrir allt að fimm árum síðan. Brotapoli hefði þrátt fyrir það farið þangað stundum í heimsókn með föður sínum. Aðspurt kannaðist vitnið ekki við að brotapoli og ákærði hefðu átt með sér einstakt samband, líkt og ákærði hefði lýst.

Vitnið bar um tilvik þar sem því hefðu borist SMS-skilaboð frá brotapolu, sem þá hefði verið staddur á vinnustað ákærða með föður sínum. Drengurinn hefði ólmur viljað komast heim, hann lýst vanlíðan, miklum hjartslætti og höfuðverk.

Fram kom hjá vitninu að brotapoli hefði verið kátur og lífsglaður drengur þegar hann var yngri. Þegar brotapoli hefði verið í 3. bekk grunnskóla hefði það tekið að breytast og hann orðið þyngri í sinni. Eftir það hefði brotapoli farið að einangrast í skólanum og ekki viljað taka þátt. Þá hefði hann ítrekað fengið martraðir á nokkurra mánaða tímabili. Hann hefði þá verið um níu ára gamall. Árið áður en brotapoli greindi frá háttsemi afa síns hefði honum liðið mjög illa. Hann hefði oft fengið [...]. Vitnið hefði ítrekað farið með brotapolu til lækni vegna þessa. Blóð- og þvagprufur hefðu verið teknar og rannsakaðar en engar skýringar fengist á líðan drengsins. Þá hefði brotapoli hangið heima, hann ekki viljað fara út og ekki viljað [...]. Þeirra viðhorfa hefði raunar strax farið að gæta hjá brotapolu þegar hann var í sjötta eða sjöunda bekk. Vegna alls þessa hefðu foreldrar drengsins haft af honum miklar áhyggjur. [...] Aðspurt kvaðst vitnið ekki vita til þess að brotapoli hefði orðið fyrir áföllum, öðrum en brotum ákærða, sem skýrt gætu niðurstöðu B sálfræðings, er greint hefði drenginn með áfallastreituröskun. Vitnið sagði brotapolu hafa unnið í sínum málum eftir að mál þetta kom upp. Það væri léttara yfir honum í dag og hann sækti meira í samskipti við vitnið og bróður sinn.

I, eiginkona ákærða, kvaðst ekki átta sig á því hvernig þetta mál væri til komið. Um algerar ranghugmyndir brotapolu væri að ræða. Frásagnir brotapolu af kynferðisbrotum ákærða gegn sér, í sumum tilvikum að vitninu viðstöddum, væru óskiljanlegar bull og kynni vitnið engar skýringar á þessum ásökunum drengsins á hendur afa sínum. Vitnið nefndi þó í því sambandi veikindi brotapolu, [...].

Vitnið sagðist hafa passað brotapolu og bróður hans mikið í gegnum tíðina. Bæði áður en þeir byrjuðu á leikskóla og síðan fjölmargar helgar eftir það en á tímabili þegar faðir drengjanna var í [...] hefðu vitnið og ákærði haft drengina hjá sér á umgengnishelgum föðursins.

Vitnið kvað brotapolu lengi hafa glímt við erfiðleika. [...] Árin 2005 og 2006 hefði vitnið farið með brotapolu til [...]. Þá hefði vitnið seint á síðarnefnda árinu pantað tíma fyrir brotapolu hjá F lækni. Upp úr því hefði drengurinn verið greindur með [...]. Frá þeim tíma hefði [...] gætt hjá brotapolu. Skólagöngu drengsins sagði vitnið enn fremur hafa verið erfiða, einkum vegna þess hversu illa hann tæki tilsögn.

Samband ákærða og brotapolu sagði vitnið hafa verið mjög gott alla tíð. Síðustu mánuðina áður en drengurinn steig fram með ásakanir sínar á hendur ákærða hefði hins vegar orðið breyting þar á. Hann hefði þá verið farinn að vera í meðferð hjá sálfræðingum. Brotapola kvað vitnið vera mjög leiðtaman og segði hann bara það sem hann héldi að fólk vildi heyra.

Aðspurt kannaðist vitnið við að brotapoli og bróðir hans hefðu oft verið settir í sturtu þegar þeir komu til vitnisins og ákærða. Ástæðuna sagði vitnið hafa verið þá að drengjunum hefði, hvað þrif varðaði, ekki alltaf verið nægjanlega vel sinnt og þeir því verið skítugir. Þeir hefðu þá einfaldlega verið settir í sturtu og þeim þvegið. Kannaðist vitnið við að drengirnir hefðu í tengslum við þetta kvartað yfir þvotti á milli rasskinnanna.

Vitnið sagðist ekkert samband hafa haft við brotapolu og fjölskyldu hans eftir að mál þetta kom upp. Verjandi vitnisins á fyrri stigum málsins hefði ráðlagt því að hafa ekki frumkvæði að samskiptum og fjölskylda ákærða hefði ekkert haft samband. Brotapola sagði vitnið hafa hætt að koma á heimili þess og ákærða nokkrum mánuðum áður en kæra var lögð fram í málinu.

Þá gaf einnig skýrslu fyrir dómi, J læknir, en ekki þykir þörf á að rekja framburð hans hér sérstaklega.

D

Í málinu liggur frammi vottorð B sálfræðings frá 10. október 2017 vegna meðferðar sem hún hefur veitt brotþola. Í ítarlegu vottorði sálfræðingsins kemur meðal annars fram að brotþoli hafi verið greindur með áfallastreituröskun. Þá hafi [...] mælt yfir klínískum mörkum hjá honum. Brotþoli er í vottorðinu sagður hafa verið afar samkvæmur sjálfum sér í viðtölunum þegar talið hafi borist að því kynferðisofbeldi sem hann hafi greint frá. Þar segir jafnframt að sálfræðimeðferð drengja sem sætt hafi kynferðislegu ofbeldi reynist oft á tíðum um margt flóknari en meðferð stúlkna þar sem drengir glími oft við annars konar vandamál, einkum tengdum þeirri skömm sem felist í því að líkami þeirra bregðist á jákvæðan hátt við snertingum sem þeir hafi óbeit á og líði illa yfir. Þetta valdi oft mikilli sálarangist.

Í niðurlagi vottorðsins kemur fram að erfitt sé að segja til um afleiðingar meintra brota á líðan brotþola til framtíðar lítið en að ætla megi að hann muni þurfa á áframhaldandi meðferð að halda í Barnahúsi um óákveðinn tíma. Mögulega þarfnist brotþoli frekari sérfræðiaðstoðar síðar á lífsleiðinni.

B kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði vottorð sitt. Vitnið sagði brotþola vera búinn að koma í yfir 50 viðtöl eftir að honum var vísað til vitnisins í kjölfar þess að mál þetta kom upp. Brotþoli hefði verið mjög samkvæmur sjálfum sér í viðtölunum, heiðarlegur og skýr. Það sem angraði brotþola mest og honum reyndist erfiðast að kyngja væru hin nánu tengsl hans við gerandann. Þess hefði ekki gætt hjá brotþola að hann væri að bæta neinu við það sem gerðist eða ýkja frásögn sína. Brotþoli hefði upplifað mikla skömm [...]. Þá hefði gætt forðunar hjá brotþola.

Vitnið sagði ekkert annað áfall en meint brot ákærða hafa komið í ljós í viðtölunum sem skýrt gæti þá áfallastreituröskun sem brotþoli hefði verið greindur með. Sagði vitnið „... voðalega erfitt að tengja þessa miklu vanlíðan og þessa áfallastreituröskun eða einkenni við neitt annað en það sem hann er að segja frá.“ Vitnið sagði líðan brotþola hafa batnað og því sjái mögulega fyrir endann á viðtölunum. Honum yrði þó fylgt eftir í það minnsta fram að næstu áramótum.

Meðal gagna málsins er einnig greinargerð Dr. H sálfræðings frá 12. ágúst 2016. Var sálfræðingurinn með brotþola í viðtölum á tímabilinu mars til júní 2016. Samandregið segir í vottorðinu að brotþoli gími við greinilegan og margþætta vanda. Auk fyrri greininga á [...],sýni niðurstöður athugunar vottorðsgjafa [...] og [...]. Ljóst sé að innra með brotþola búi mikil vanlíðan [...].

H kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði greinargerð sína. Aðspurt sagði vitnið mögulegt að viðtöl þess við brotþola á tímabilinu mars til júní 2016 hefðu hreyft þannig við brotþola að hann hefði ákveðið að upplýsa um meint kynferðisbrot afa síns í júlí sama ár. Tók vitnið fram að brotþoli hefði neitað því í þeim viðtölum sem það hefði átt við drenginn að hann hefði orðið fyrir einhverjum áföllum.

Í málinu liggur einnig frammi vottorð F læknis, dagsett 27. júlí 2016. Þar kemur fram að læknirinn hafi hitt brotþola allnokkrum sinnum frá árinu 2006 en það ár hafi hann greint brotþola með [...]. Síðastliðið ár eða svo hafi brotþoli einnig hitt H sálfræðing, sem orðið hafi að líði.

F kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði vottorð sitt.

Þá liggur og frammi í málinu vottorð G sálfræðings. Í vottorðinu kemur fram að 2008 hafi brotþola verið vísað til sálfræðingsins af heimilislækni vegna [...] og andlegrar vanlíðunar. Haustið 2008 hafi brotþoli komið í tvö viðtöl til sálfræðingsins sem í kjölfarið hafi mælt með frekari greiningu á vanda drengsins hjá skólasálfræðingi og [...]. Í desember 2009 hafi móðir brotþola hringt í vottorðsgjafa vegna slæmra martraða sem drengurinn hefði fengið.

Haustið 2012 hafi brotþoli komið í tvö viðtöl til sálfræðingsins. Líðan hans hafi þá verið búin að versna töluvert. Brotþoli hafi verið [...]. Vottorðsgjafi hafi talið vanlíðan drengsins uppfylla greiningarmerki fyrir [...] og hún vísað málinu áfram til heimilislæknis. Brotþoli hafi enn komið til viðtals í febrúar 2013 og líðan hans þá verið betri.

G kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði vottorð sitt.

Ákæruliður II:

Í öðrum lið ákæru er ákærða gefið að sök kynferðisbrot gegn brotþola á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir, með því að hafa nýtt sér yfirburði sína gagnvart drengnum og traust hans og trúnað til hans sem afa, með því að hafa í eitt skipti, er ákærði lá í sama rúmi og brotþoli, lyft sænginni og sagt við drenginn að limur hans væri „rosalega stór“ og spurt hvort hann mætti finna hvað hann væri „harður“ og snert kynfæri drengsins.

Ákærði neitar sök. Fyrir dómi lýsti hann hins vegar atviki sem samrýmist vel háttsemislýsingu ákæruliðar II. Þannig bar ákærði að hann og brotþoli hefðu verið saman í tvíbreiðu rúmi í herbergi í kjallara húss ákærða og konu hans. Ákærði hefði veitt því athygli að brotþoli var byrjaður að fróa sér og fljótlega ákveðið „að blanda sér í þetta“. Ákærði kvaðst hafa rætt við brotþola og spurt hann: „Ertu að runka þér?“ Ákærði hefði síðan lyft sænginni og sagt: „Mikið svakalega er hann stór.“ Því næst hefði ákærði tekið utan um typpið á drengnum með tveimur fingrum og bætt við: „Og harður.“ Ákærði sagðist í framhaldinu hafa rætt við brotþola fram og til baka og lagt á það áherslu að ekkert væri óeðlilegt við það að fróa sér, það gerðu allir, en að þeir gerðu það í einrúmi. Þessi samskipti sem þarna hefðu átt sér stað, á milli [...] drengs og afa hans, sagði ákærði hafa verið fullkomlega eðlileg.

Fyrir dómi bar brotþoli að ákærði hefði ítrekað brotið gegn honum kynferðislega er hann var um það bil 10-12 ára gamall. Samkvæmt framburði brotþola fyrir lögreglu taldi drengurinn mögulegt að brotin hefðu hafist þegar hann var 9 ára gamall. Spurður fyrir dómi út í atvik það sem ákæruliður II tekur til kvaðst brotþoli ekki minnst þess sérstaklega. Allt að einu þykir mega leggja tilvitnaða frásögn ákærða sjálfs af atvikinu til grundvallar við úrslausn málsins, enda verður framburður brotþola alls ekki skilinn svo að hann hafni því að atvikið hafi gerst.

Samkvæmt 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. 202. gr. fangelsi allt að sex árum. Dómurinn telur að tilvitnuð ummæli ákærða og þá eftirfarandi háttsemi hans að snerta reistan lim barnungs brotþola verði í ljósi aðstæðna að telja kynferðislega áreitni í skilningi 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði verður því sakfelldur fyrir að hafa með þeirri háttsemi sem hann hefur gengist við samkvæmt framansögðu brotið gegn tilvitnuðu ákvæði almennra hegningarlaga, sbr. ákærulið II.

Ákæruliðir I og III:

Í fyrsta lið ákæru eru ákærða gefin að sök kynferðisbrot gegn brotþola, á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir, með því að hafa nýtt sér yfirburði sína gagnvart drengnum og traust hans og trúnað til hans sem afa, með því að hafa hafa í fjölda skipta haft önnur kynferðismök en samræði við brotþola með því að snerta kynfæri drengsins og fróa honum.

Ákærði neitar sök. Framburður hans fyrir dómi er rakinn í kafla B hér að framan. Ákærði hefur borið að enginn fótur sé fyrir þeim ásökunum brotþola sem lýst er í ákæruliðum I og III.

Sakargiftir í málinu samkvæmt ákæru eru reistar á framburði brotþola. Fyrir dómi lýsti brotþoli atvikum svo að ákærði hefði ítrekað, þegar brotþoli var um það bil 10-12 ára gamall, farið með hann í svefnherbergi sitt og ömmu brotþola, tekið með hendinni um typpi brotþola og fróað honum. Þetta hefði gerst í nokkur skipti að kvöldi til. Stundum hefðu þeir bara verið tveir í herberginu en stundum hefði amma brotþola verið í dyragættinni. Í fyrstu tvö skiptin hefði ákærði tekið buxurnar niður um brotþola en í síðari skiptin hefði brotþoli gert það sjálfur. Spurður um hversu oft þetta hefði átt sér stað svaraði brotþoli því til að þetta hefði gerst í sjö til níu skipti. Minntist brotþoli þess ekki að hafa fengið sáðlát.

I, amma brotþola og eiginkona ákærða, hefur alfarið hafnað því að hún hafi orðið vitni að einhverjum þeirra meintu brota ákærða sem brotþoli hefur borið um samkvæmt framansögðu. Eins og málið liggur fyrir verður við mat á framburði hennar ekki framhjá því litið að hún er eiginkona ákærða og hefur búið með honum í áratugi og gerir enn, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Framburði brotþola verður að því gættu ekki vísað á bug af þeirri ástæðu einni að hann samrýmist ekki vætti I.

Í málinu hefur ekkert komið fram um það að brotaþoli hafi af annarri ástæðu en vegna meintra brota borið þungan hug til ákærða. Þannig liggur ekkert fyrir um að brotaþoli hafi sett fram ásakanir sínar á hendur ákærða í kjölfar þá nýliðinna ótengdra atvika. Þvert á móti er upplýst með framburði bróður og móður brotaþola að þau þrjú voru að tala saman á rólegum nótum þegar brotaþoli upplýsti um meint brot ákærða gegn honum. Þá bar bróðir brotaþola að sú frásögn brotaþola hefði komið í kjölfar þess að hann tók að ræða líðan sína.

Bróðir brotaþola bar fyrir dómi um þvott ákærða á kynfærum þeirra bræðra og rassi sem olli honum vanlíðan. Er upplýst í málinu að faðir drengjanna ræddi við foreldra sína vegna þessa og var í kjölfarið látið af þvottinum. Enn fremur liggur fyrir í málinu með framburði bróður brotaþola og ákærða, bæði fyrir dómi og fyrir lögreglu, að ákærði ákvað að eigin frumkvæði og án þess að vera um það beðinn af foreldrum drengsins, að sýna honum ljósmyndir af kynfærum kvenna og ræða við hann kynferðisleg málefni. Að þessu gættu og einnig með vísan til sakfellingar ákærða samkvæmt ákærulið II þykir dómnum mega slá því föstu að ákærði hafi í nokkrum tilvikum komið fram við brotaþola og bróður hans á óviðeigandi hátt, bæði með gerðum sínum en einnig með því að ræða við þá um hluti sem ekki samrýmdust aldri drengjanna og tengslum þeirra við ákærða sem afa. Þykir dómnum þetta vera til þess fallið að draga úr trúverðugleika framburðar ákærða í málinu. Að sama skapi er þetta framburði brotaþola til nokkurs stuðnings.

Af hálfu ákærða hefur verið til þess vísað að framburður brotaþola í málinu sé um margt óljós og á reiki. Hvað þetta varðar er til þess að líta að atvik þau sem hér um ræðir áttu sér stað fyrir um fimm til átta árum síðan, sem eitt og sér getur skýrt það að brotaþoli muni þau ekki fyllilega. Þá var brotaþoli einungis 9-12 ára gamall á umræddum tíma. Að mati dómsins dregur það því ekki úr trúverðugleika framburðar brotaþola að hann hafi ekki getað greint nákvæmlega frá öllum atvikum málsins.

Bæði ákærði og eiginkona hans lýstu þeirri skoðun sinni fyrir dómi að skýringa á ásökunum brotaþola væri að leita í andlegu heilsufari hans. Að mati dómsins fá þær hugleiðingar hvorki stoð í sérfræðigögnum, sem frammi liggja í málinu og reifuð eru í kafla D hér að framan, né heldur í framburði þeirra sérfræðinga sem gögnin unnu. Þvert á móti kemur fram í vottorði B sálfræðings, sem greindi brotaþola með áfallastreituröskun, að brotaþoli hafi verið afar samkvæmur sjálfum sér í viðtölum þegar talið hafi borist að því kynferðisofbeldi sem hann hefði greint frá. Við skýrslugjöf fyrir dómi áréttaði sálfræðingurinn þessa niðurstöðu sína og kvað hún brotaþola jafnframt hafa verið heiðarlegan og skýran í viðtölunum. Þá sagði hún þess ekki hafa gætt hjá brotaþola að hann væri að bæta neinu við það sem gerðist eða ýkja frásögn sína. Enn fremur bar sálfræðingurinn að ekkert annað áfall en meint brot ákærða hefði komið í ljós í viðtölunum sem skýrt gæti áfallastreituröskun brotaþola. Sagði hún „... voðalega erfitt að tengja þessa miklu vanlíðan og þessa áfallastreituröskun eða einkenni við neitt annað en það sem hann er að segja frá.“ Samkvæmt öllu þessu verður það sem fyrir liggur um andlegt heilsufar brotaþola ekki talið vera til þess fallið að draga úr sönnunargildi framburðar hans. Er tilvitnað vottorð B sálfræðings og vætti hennar fyrir dómi þvert á móti framburði brotaþola til stuðnings.

Í framburði B sálfræðings kom einnig fram að forðunar hefði gætt hjá brotaþola gagnvart ákærða í þeim viðtölum sem hún hefði átt við drenginn. Er sú niðurstaða í samræmi við framburð foreldra brotaþola og bróður hans sem öll báru fyrir dómi að brotaþoli hefði talsvert löngu áður en hann setti fram ásakanir sínar á hendur ákærða verið hættur að vilja fara heim til afa síns og ömmu, án þess að gefa á því skýringar. Þá lýstu bæði faðir og móðir brotaþola atviki sem átti sér stað nokkru áður en brotaþoli greindi frá meintum brotum ákærða þar sem brotaþoli sendi móður sinni SMS-skeyti og vildi ólmur komast af vinnustað afa síns vegna vanlíðanar. Enn fremur liggur fyrir í málinu framburður foreldra brotaþola og gögn er frá sálfræðingum stafa, sem og framburður sálfræðinganna fyrir dómi, er eindregið benda til þess að andleg líðan brotaþola hafi versnað umtalsvert þegar hann var 9-10 ára gamall án þess að á þeim tíma fyndust á því haldbærar skýringar þrátt fyrir nokkra eftirgrennslan. Þá er upplýst að brotaþoli fékk á þeim tíma ítrekað martraðir. Að mati dómsins verður að telja öll þessi atriði að sínu leyti vera til stuðnings framburði brotaþola um að á þessu tímabili hafi hann sætt kynferðisbrotum af hálfu ákærða.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða dómsins að meta verði framburð brotaþola í málinu trúverðugan. Að sama skapi þykja þau atriði sem rakin hafa verið draga úr trúverðugleika framburðar

ákærða. Samkvæmt því og þegar allt það sem að framan er rakið er virt heildstætt þykir dómnum mega leggja hinn trúverðuga framburð brotþola til grundvallar við úrlausn málsins.

Með vísan til framburðar brotþola þykir ekki óvarlegt að slá því föstu að fjöldi þeirra tilvika sem ákærði hafði önnur kynferðismök en samræði við brotþola með því að snerta kynfæri drengsins og fróa honum hafi verið að minnsta kosti sjö. Samkvæmt því og með vísan til framburðar brotþola að öðru leyti og því sem honum er til stuðnings samkvæmt áðursögðu þykir sannað gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi í að minnsta kosti sjö skipti á heimili sínu að [...] í [...], haft önnur kynferðismök en samræði við brotþola með því að snerta kynfæri drengsins og fróa honum, sbr. ákærulið nr. I, og er sú háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Með sömu rökum og að framan greinir verður framburður brotþola jafnframt lagður til grundvallar hvað sakargiftir samkvæmt ákærulið III varðar. Í þeim ákærulið eru ákærða gefin að sök kynferðisbrot gegn brotþola, á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir, með því að hafa nýtt sér yfirburði sína gagnvart drengnum og traust hans og trúnað til hans sem afa, með því að hafa hafa í fjölda skipta þuklað í kringum kynfæri brotþola innanklæða. Svo sem rakið er í kafla C hér að framan bar brotþoli um þá háttsemi ákærða fyrir dómi að ákærði hefði ítrekað sett hönd ofan í nærbuxur hans og káfað í kringum typpi hans. Með vísan til framburðar brotþola og þess sem honum er til stuðnings samkvæmt áðursögðu þykir því sannað gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið III og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

F

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða ekki áður verið gerð refsing.

Við ákvörðun refsingar ákærða er til þess að líta að brotþoli var á aldrinum níu til tólf ára gamall er ákærði braut gegn honum. Brot ákærða voru alvarleg og voru framin á nokkurra ára tímabili. Þá nýtti ákærði sér þá yfirburðastöðu sem hann hafði gagnvart barnungum sonarsyni sínum. Skal lítið til þessara atriða við ákvörðun refsingar ákærða, sbr. 1., 2., 6. og 7. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að háttsemi ákærða varði við 1. mgr. 194. gr. og 1. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða varða fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að 16 árum. Að því gættu og með vísan til þess sem að framan er rakið þykir refsing ákærða réttilega ákveðin fangelsi í þrjú ár og sex mánuði.

G

Í málinu krefst brotþoli miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 2.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. júlí 2012, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi er liðinn var mánuður frá birtingu bótakröfunnar til greiðsludags. Brotþoli krefst einnig málskostnaðar úr hendi ákærða.

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að ákærði hafi ítrekað brotið gegn brotþola svo varði við 1. mgr. 194. gr. og 1. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotþola á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Bætur fyrir miska skulu ákvarðaðar eftir því sem sanngjarnt þykir og við mat á fjárhæð þeirra skal einkum líta til alvarleika brotsins, sakarstigs brotamanns, huglægrar upplifunar brotþola og umfangs tjónsins. Í dómaframkvæmd hefur því verið slegið föstu að brot af því tagi sem hér um ræðir séu almennt til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður sálrænum erfiðleikum. Þá voru þau fjölskyldutengsl sem á milli ákærða og brotþola eru til þess fallin að auka á miska hans. Við mat á miskabótum til handa brotþola þykir enn fremur mega líta til vottorðs B sálfræðings frá 10. október 2017, en efni vottorðsins er reifað í kafla D hér að framan. Í vottorðinu kemur fram að brotþoli hafi verið greindur með áfallastreituröskun. [...] hafi jafnframt mælst yfir klínískum mörkum hjá honum. Erfitt sé að segja til um afleiðingar brotanna

á líðan brotaþola til framtíðar litið en að ætla megi að hann muni þurfa á áframhaldandi meðferð að halda um óákveðinn tíma. Mögulega þarfnist brotaþoli frekari sérfræðiaðstoðar síðar á lífsleiðinni. Þá kom fram hjá sálfræðingnum fyrir dómi að ekkert annað áfall en brot ákærða hefði komið í ljós í viðtölum sálfræðingsins við brotaþola sem skýrt gæti þá áfallastreituröskun sem hann hefði greinst með.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið þykja miskabætur til handa brotaþola réttilega ákvarðaðar 1.700.000 krónur. Um vexti og dráttarvexti af kröfunni fer svo sem í dómsorði greinir en af gögnum málsins verður ráðið að krafan hafi fyrst verið birt ákærða við birtingu fyrirkalls 22. janúar sl.

Við þingfestingu málsins var Jóhanna Sigurjónsdóttir lögmaður skipuð réttargæslumaður brotaþola í málinu. Af þeim sökum eru ekki lagaskilyrði til þess að dæma brotaþola málskostnað úr hendi ákærða, sbr. ákvæði 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, heldur verður réttargæslumanni ákveðin þóknun samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. 48. gr. sömu laga.

H

Með vísan til sakfellingar ákærða, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður honum gert að greiða allan sakarkostnað málsins. Ákærði dæmist því til að greiða sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti héraðssaksóknara, dagsettu 14. desember 2017, 105.000 krónur. Ákærði greiði einnig þóknun skipaðs verjanda síns, Helga Jóhannessonar lögmanns, þóknun skipaðs verjanda á fyrri stigum málsins, Brynjólfs Eyvindssonar lögmanns, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Jóhönnu Sigurjónsdóttur lögmanns, en þóknun verjanda og réttargæslumanns þykir að umfangi málsins virtu hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjú ár og sex mánuði.

Ákærði greiði 4.089.120 krónur í sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Helga Jóhannessonar lögmanns, 1.538.840 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, þóknun skipaðs verjanda á fyrri stigum málsins, Brynjólfs Eyvindssonar lögmanns, 463.760 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Jóhönnu Sigurjónsdóttur lögmanns, 1.981.520 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Ákærði greiði brotaþola, A, 1.700.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. janúar 2014 til 22. febrúar 2018, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.